

Ed.

611. Frumvarp til laga

[332. mál]

um breytingu á áfengislögum, nr. 82/1969.

Flm.: Björn Dagbjartsson, Stefán Benediktsson.

1. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Ríkisstjórninni einni er heimilt að flytja hingað til lands áfenga drykki eða áfengisvökva, hverju nafni sem nefnast, sbr. 1. mgr. 2. gr. Þó skal einungis heimilt að flytja til landsins áfengt öl sem hefur inni að halda vínanda sem er á styrkleikabilinu 4% til 5% að rúmmáli. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins annast innflutninginn.

2. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins einni skal heimil framleiðsla áfengra drykkja og bannað er öðrum að gera drykkjarhæft það áfengi sem er, eða gert hefur verið, óhæft til drykkjar. Þó skal dómsmálaráðherra heimilt að leyfa framleiðslu áfengs öls héraendis af þeim styrkleika sem leyfilegt er að flytja til landsins skv. 3. gr. Áfengt öl, sem framleitt er til útflutnings, er þó ekki háð slíkum takmörkunum.

3. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Upptæk skal gera öll áhöld sem með ólögum hætti á að nota, eða hafa verið notuð, við bruggun eða tilbúning áfengra drykkja eða til þess að gera drykkjarhæft það áfengi sem ódrykkjarhæft var. Áfengi það, sem búið hefur verið til eða aftur gert drykkjarhæft með ólögum hætti, skal og gert upptækt ásamt flátum.

4. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins annast dreifingu og sölu áfengis, hvort sem það er innflutt eða framleitt innanlands, sbr. lög um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, nr. 63/1969.

Allt áfengt öl, sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins selur, skal selt í margnota umbúðum. Allar áletranir og upplýsingar á umbúðum áfengs öls, sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins selur, aðrar en vörumerki, skulu vera á íslensku.

5. gr.

1. mgr. 15. gr. laganna orðast svo:

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um sölu og veitingar áfengs öls og vína samkvæmt þessum kafla.

6. gr.

3. mgr. 31. gr. laganna orðast svo:

Árlega skal verja sem svarar 1% af skatttekjum ríkissjóðs vegna framleiðslu og sölu áfengs öls til fræðslu um skaðsemi áfengis. Menntamálaráðherra setur með reglugerð nánari fyriræli um fræðslu og ráðstöfun fjárframlaga samkvæmt þessari grein.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. mars 1987. Lögin skuli þó ekki koma til framkvæmda nema þau hafi áður hlotið samþykki með meiri hluta atkvæða í þjóðaratkvæðagreiðslu sem fram fari eigi síðar en 31. desember 1986.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði laga þessara skulu endurskoðuð í ljósi fenginnar reynslu af þeim fyrir árslok 1989.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis og þetta var flutt í neðri deild á síðasta þingi (1. flm. Jón Baldvin Hannibalsson). Fá mál fengu lengri né ítarlegri umfjöllun, bæði á Alþingi og þó ekki síður í fjölmiðlum og meðal þjóðarinnar. Í meðferð neðri deildar tók frv. allmiklum breytingum en var að lokum samþykkt í deildinni 23. maí 1985. Í efri deild var málinu aftur á móti vísað til neðri deildar aftur með ákvæðum um þjóðaratkvæðagreiðslu um efni þess. Þar var málið svo endanlega fellt í þeim búngi.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er orðrétt samhljóða frv. um sama efni eins og það var eftir afgreiðslu neðri deildar við 3. umr. á síðasta þingi, að viðbættu því ákvæði í 7. gr. að lögin komi ekki til framkvæmda fyrr en að aflokinni þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er alveg ljóst að þessi mynd frv. naut ekki fylgis meiri hl. í neðri deild áður en málið var sent til afgreiðslu efri deildar s.l. vor. Eftir að ljóst var um afstöðu efri deildar reyndi ekki beinlínis í neðri deild á fylgi við skilyrta gildistöku með þjóðaratkvæðagreiðslu eins og hér er gert ráð fyrir.

Markmiðið með flutningi þessa frumvarps nú er að freista þess að Alþingi afgreiði þetta mál fyrir sitt leyti en þjóðin öll fái þó jafnframt tækifæri til að láta í ljósi álit sitt. Alþingi þarf þá ekki að láta málið til sína taka á nýjan leik.

Frekari athugasemdir eru raunar óþarfar. Sú málamiðlunarlausn, sem ofan á varð í neðri deild, var auðvitað ekki öllum að skapi. Þó verður að ætla að þeir, sem gátu fellt sig við þetta orðalag frv. þá, geti það enn. Ekki ætti að vera ástæða til langrar umfjöllunar heldur, svo rækileg sem hún var fyrir ári.